

umsk

Ringgerå 2000—76. Årsring UMSK



76. Ársþing UMSK

haldið í Íþróttamiðstöðinni, Bessastaðahreppi

9. febrúar 2000

1. Þingsetning

Svanur Gestsson formaður UMSK setti þingið og bauð gesti og fulltrúa velkomna til þings. Í ávarpi sínu minntist hann á þá miklu þróun sem orðið hefur á tækni og lífverni fólks á 20. öldinni, hann sagði viðhorf almennings til íþróttar orðið gjörbreytt og íþróttir væru í raun orðnar hluti af menningu þjóðarinnar. Þá sagði hann að íþróttir ættu rétt á sambærilegum styrkjum frá hinu opinbera og aðrir menningarþættir.

Hann sagðist ánægður með að umræðan um að kljúfa Kópavog úr UMSK lægi niðri núna enda væri UMSK sterkt afl í íslensku íþrótttalífi.

Að lokum tjáði Svanur þinginu að hann mundi ekki gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku og notaði tækifærið til að þakka öllum þeim sem hann hefur starfað með fyrir frábært samstarf og viðkynni.

Gestir þingsins voru Þórir Jónsson formaður UMFÍ, Ellert B. Schram forseti ÍSÍ, Hafsteinn Pálsson stjórn ÍSÍ, Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri ÍSÍ, og Gunnar Gíslason sveitastjóri Bessastaðahrepps.

2. Kosning fyrsta og annars þingforseta

Þingstörf hófust á því að Svanur M. Gestsson formaður UMSK bar upp tillögu um Kristján Sveinbjörnsson og Pál Aðalsteinsson, sem þingforseta

Tillagan var samþykkt með lófataki.

3. Kosning þingritara

Kristján Sveinbjörnsson þingforseti tók við stjórn þingsins, þakkaði þingheimi traustið og bar síðan upp tillögu um Önnu Þóru Stefánsdóttur og Ester Jónsdóttur sem þingritara.

Tillagan var samþykkt með lófataki.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Pá bar Kristján upp tillögu um Sverri Hauksson, Snorra Magnússon og Erlend Tryggvason í kjörbréfanefnd og var *tillagan samþykkt samhljóða*. Tók nefndin þegar til starfa.



Gunnar Gíslason sveitarstjóri Bessastaðahrepps óskaði eftir því að taka til máls áður en lengra væri haldið með þingstörf. Hann bauð fulltrúa velkomna í Íþróttamiðstöð Bessastaðahrepps og sagði það gleðiefni að þingið skuli vera haldið að þessu sinni í Bessastaðahreppi. Hann lýsti í stuttu máli þeim íþróttamannvirkjum sem í hreppnum eru og bauð síðan fyrir hönd hreppsnefndar þingfulltrúum til kvöldverðar í þinghléi.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram

Svanur Gestsson formaður UMSK flutti skýrslu stjórnar. Hann stiklaði á efnisdráttum skýrslunnar sem lá prentuð frammi með þingögnum. Hann staldraði við á nokkrum stöðum og benti m.a. sambandsaðilum á mikilvægi þess að standa vel að gerð starfsskýrsla og skila þeim á réttum tíma.

6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Birgir Hilmarsson framkvæmdastjóri UMSK greindi frá endurskoðuðum reikningum sambandsins sem lágu fyrir prentaðir í árskýrslu UMSK.

7. Ávörp gesta

Pórir Jónsson ávarpaði þingið og flutti kveðjur frá stjórn UMFÍ og sértsaklega frá Önnu Möller sem því miður hafði ekki komist og Sæmundi Runólfssyni sem er þessa stundina staddur erlendis með konu sinni þar sem hún gengst undir læknisaðgerð. Í máli sínu sagði Pórir að UMSK væri sterkt og stæði vel á bak við UMFÍ, hann minntist næst á Unglingalandsmótið í Vesturbýggð og Landsmót UMFÍ sem haldið verður á Egilsstöðum 2001. Þá sagði Pórir að Prastarskógr var staður í eigu UMFÍ sem sambandsaðilarinnar gætu notað meira. Því næst minntist hann á að tekjur af Lottó færðu minnkandi og sagði hann að besta ráðið til að sporna við samdrætti væri að spila meira með. Að lokum minnti hann þingfulltrúa á málgagn UMFÍ Skinfaxa og óskaði síðan UMSK góðs gengis.

Ellert B. Schram forseti ÍSÍ tók næstur til máls, hann sagði að margt hefði breyst í heimi íþróttanna, keppnisfólk gengi kaupum og sölum og tryggð við ákveðin félög heyrði sögunni til. Almenningur hafi á undanförnum árum stundað íþróttir af meira kappi en áður og því sé það hárrétt sem komið hafi fram í orðum formanns hér áðan að íþróttir séu menning. Hann greindi einnig frá því að Íþróttapring yrði haldið í mars á Akureyri en á sama tíma verði vetraríþróttahátið ÍSÍ í fullum gangi þar. Í sumar verði síðan Íþróttahátið ÍSÍ og að þessu sinni verði leitað samstarfs við héraðssamböndin og stefnt að því að hátiðin skili sér til almennings í stað þess að haldin verði skrautsýning á einum stað.



Herdís Sigurbergsdóttir tók til máls og þakkaði UMSK fyrir þann styrk sem sambandið veitti henni til að leita sér læknings vegna meiðsla sem hún hlaut í landsleik. Herdís sagðist hafa fengið þær slæmu fréttir fyrr um daginn að fresta þyrfi aðgerðinni enn um sinn. Hún kveðst þó halda í vonina um að ná fullum bata.

8. Álit kjörbréfa-nefndar

Ekki óskuðu fleiri að taka til máls undir þessum lið og gaf þingforseti Sverri Haukssyni, formanni kjörbréfanefndar orðið. Alls bárust kjörbréf frá 14 félögum fyrir alls 54 fulltrúa. Því næst las hann upp kjörbréfin og bað fulltrúa að rísa úr sætum þegar nöfn þeirra væru lesin. Eftirtaldir fulltrúar voru mættir:

frá UMFA

Ingibjörg B. Jóhannesd.
Lárus Eirksson
Helga Einarsdóttir
Anna Póra Stefánsdóttir
Valdimar L. Friðriksson
Hafsteinn Pálsson
Jóna Þorvarðardóttir
Svanur M. Gestsson
Páll Aðalsteinsson

frá UMFB

Pórhallur Guðjónsson
Bjarni Jónsson
Berglind Guðmundsd.

frá Breiðabliki

Ásgeir Friðgeirsson
Helga Sigurðardóttir
Sverrir Hauksson
Guðmundur Björnsson
Hreinn Jónasson
Eiríkur Jensson
Andrés Pétursson
Ester Jónsdóttir
Kristján Jónatansson

frá Stjörnunni

Snorri Olsen
Helga Skúladóttir
Óttar B. Ellingsen
Birna Óskarsdóttir
Elísabet Pétursdóttir
Sigurður Bárðarson

frá Gróttu

Jónas Már Fjelsted

frá HK

Albert H.N. Valdimarsson
Þorsteinn Einarsson

frá Gerplu

Ólafur Sigurðsson
Ólafur Jón Stefánsson
Erlendur Tryggvason
Kristján Erlendsson

frá Oddi

Sveinn V. Stefánsson
Sigvaldi Ingimundarson

frá Ými

Guðrún Haraldsdóttir
Birgir Ari Hilmarsson

frá Gáska

Snorri Magnússon
Þórður Árni Hjaltested

frá Herði

Marteinn Magnússon
Einar Ragnarsson
Guðni Indriðason

frá Gusti

Guðmundur Hagalínsson
Jóhanna E. Geirsdóttir
Þorvarður Guðmundsson
Sævar Kristjánsson

frá KGB

Sigurjón Guðfinnsson

frá Golfklúbbi Ness

Jón Ásgeir Eyjólfsson
Geirarður Geirarðsson
Árni Halldórsson

Kjörbréf voru samþykkt samhljóða.



9. Staðfesting á aðild nýrra félaga

Engin umsókn um aðild lá fyrir þinginu og féll þessi liður því niður.

Þingforseti gerði hér tillögu um að skipað yrði í kjörnefnd til þess að hún gæti starfað í matarhléi.

Tillaga var um:

Ásgeir Friðgeirsson, Breiðablik,
Óttar B. Ellingsen, Stjórnunni
Ingibjörgu Jóhannesdóttur, Aftureldingu

Tillagan var samþykkt samhljóða

10. Umræður um skýrslu stjórnar

Ingibjörg Jóhannesdóttir kvað sér hljóðs undir þessum lið og þakkaði fyrir vel unna skýrslu. Hún vakti athygli fundarmanna á því að samkvæmt yfirliti yfir félöginn á bl. 8-12 í skýrslunni væru allt of fáar konur eru formenn félaga. Þá bað Ingibjörg um skýringar á liðnum "Laun og akstur" í reikningum og hvað fælist í liðnum "Annað; fundir, ljósmyndir o.fl."

Birgir Ari Hilmarsson svaraði Ingibjörgu um þessa liði á þann hátt að um væri að ræða fastan bifreiðastyrk til framkvæmdastjóra sem þarf að vera mikið á ferðinni á eigin bíl fyrir sambandið. Varðandi liðinn "Annað; fundir, ljósmyndir o.fl." sagði hann að fundarkostnaður væri stærsti hluti þessa liðs þ.e. veitingar á stjórnar og nefndarfundum. Þá hefði það verið venja að stjórnin ásamt þeim sjálfbóðaliðum sem starfa t.d. við að tjalda stóra tjaldinu og dómstóll færi út að borða einu sinni á ári og væri sá liður færður hér.

Páll Aðalsteinsson þakkaði skýrslunua og stjórninni gott starf. Hann sagðist sakna þess að sjá ekki unga fólk ið mæta til þings en á árum áður hefði unga fólk ið einmitt verið áberandi á þingum sambandsins.

Sigurjón Guðfinnsson kom með athugasemd varðandi misräemi í lista yfir afreksmenn sambandsins sem er á bls. 29 en þar vantaði sennilega afreksmenn 1999 í samræmi við listann um félagsmálaskjöld á bls. 28.

Birgir Ari Hilmarsson tók undir það að unga fólk ið vantaði, hann minnti menn á Ungmennapинг sem boðað var í janúar s.l. en mæting þar var alveg skelfilega léleg. Hann sagði sambandið ætla að ná til unga fólksins og framundan væri

fundarherferð þar sem farið yrði í félögin og haldnir fundir með unga fólkini þar og þeim kynnt starfsemi sambandsins og síðan verði boðað aftur til Ungmennaþings. Varðandi athugasemd Sigurjóns sagði hann að rétt stæði á bls. 29 í skýrslunni en afreksmenn 1999 verða heiðraðir í matarhléi hér á eftir og nöfn þeirra birt í skýrslunni að ári og Félagsmálaskjöldur verður afhentur hér á eftir fyrir árið 2000.

11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga

Matarhlé

Engin umræða varð um reikninga sambandsins utan athugasemd Ingibjargar sem kom fram í liðnum umræður um Skýrslu stjórnar.

Reikningar voru samþykktir samhljóða.

Er hér var komið sögu var gert fundarhlé og var matur í boði hreppsnefndar Bessastaðahrepps. Í fundarhléi voru veittar eftirfarandi viðurkenningar til afreksmanna á sviði íþrótt- og félagsmála:

Félagsmálaskjöldur UMSK:

Porsteinn Einarsson HK

Afreksbikar UMSK:

Bjarki Sigurðsson Aftureldingu

Frjálsíþróttabikar UMSK:

Sólveig Hildur Björnsdóttir Breiðablik

Sundbikar UMSK:

Purður Eiríksdóttir Breiðablik

Fimleikabikar UMSK:

Rúnar Alexandersson Gerplu

UMFÍ-bikarinn:

M.fl. ka. í handknattleik Aftureldingu

12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu

Ásgeir Friðgeirsson kvað sér hljóðs og lagði fram dagskráttillögu þess efnis að ekki væri skipað í þingnefndir heldur mundi þingið ganga kröftulega til starfa og málin verði rædd í einni málstofu.

Tillaga Ásgeirs var samþykkt samhljóða



13. Fjárhagsáætlun lögð fram

Birgir Ari Hilmarsson, framkvæmdastjóri UMSK flutti fjárhagsáætlun fyrir árið 2000

Fjárhagsáætlun 2000

Tekjur:

Útbreiðslustyrkur	1.500.000
Lottó	12.000.000
Skattur aðildarfélaga	700.000
Getraunir	800.000
Tjaldleiga	500.000
	15.500.000

Gjöld:

Skrifstofa og rekstur	3.500.000
Þing og sérráð	4000.000
Lottó til aðildarfélaga	9.000.000
Afreksmannasjóður	900.000
Skattur til UMFÍ	200.000
Gjafir og viðurkenningar	150.000
Kostn. v/ héraðsmóta	300.000
Kostn. v/ þátttöku í mótum	100.000
Afskriftir	150.000
Landsmót	600.000
Annar kostnaður	450.000
	15.500.000

14. Laga og reglugerðabreytingar lagðar fram

Engar laga eða reglugerðabreytingar voru lagðar fram þannig að gengið var beint í lið nr. 15

Þá voru fluttar aðrar tillögu frá stjórn og voru þær settar í umræðu og síðan bornar upp til atkvæða jafnóðum af þingforseta:

15. Aðrar tillögur lagðar fram

Pingskjal nr. 1

76. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að kynna sér þau fjölmörgu námskeið sem í boði eru innan íþróttahreyfingarinnar og hvetja sína félaga til að sækja námskeið eftir þörfum.

Enginn hvað sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Pingskjal nr. 2

76. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánu samstarfi við aðildarfélögin.

Enginn hvað sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

**Pingskjal nr. 3**

76. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 50 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 20 á félagsmenn yngri en 16 ára.

Enginn hvað sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Pingskjal nr. 4

76. Ársþing UMSK... hvetur sveitarstjórnir til þess að stórauka fjárfamlög til íþróttafélaga.

Enginn hvað sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Pingskjal nr. 5

76. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til þess að sýna ábyrgð í fjármálum og standa skil á opinberum gjöldum í samræmi við lög og reglur.

Enginn hvað sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Pingskjal nr. 6

76. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til almennrar þátttöku í 4. Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið verður í Vesturbyggð 4. - 6. ágúst.

Enginn hvað sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Pingskjal nr. 7

76. Ársþing UMSK... samþykkir að skipa nefnd sem vinni að gerð íþróttanámskrár. Nefndin sjái til þess að aðlaga megi námskrána að sem flestum félögum.

Enginn hvað sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Pingskjal nr. 8

76. Ársþing UMSK... felur stjórn að skipa nefnd um skipulagsmál. Nefndin skal endurskoða skipulag sambandsins og skila tillögum á næsta ársþing sambandsins.

Enginn hvað sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Pingskjal nr. ____

76. Ársþing UMSK... samþykkir að kjósa í íþróttanefndir eftirtalinna sveitarfélaga.

Íþróttanefnd Kópavogs
 Íþróttanefnd Garðabæjar
 Íþróttanefnd Mosfellsbæjar
 Íþróttanefnd Seltjarnarness

Nefndir þessar sjá um íþróttaleg tengsl innan bæjarfélags og marka stefnu íþróttamála síns sveitarfélags, þær koma fram fyrir hönd félaga í sínu bæjarfélagi gagnvart bæjarstjórnum. Nefndirnar



skulu vera þriggja til fimm manna.

Nefndirnar boði til samráðsfunda a.m.k. tvisvar á ári þar sem tveir fulltrúar frá hverju félagi hafa seturétt, fundir þessir eru stefnumarkandi.

Skrifstofa UMSK annast daglega umsýslu fyrir nefndirnar.

Kristján Erlendsson kvað sér hljóðs um þingskjal nr. 9 og sagði hann að tillöguna óþarfa og í raun og veru ætti hún heima hjá nefndinni sem samþykkt var að skipa samkv. þingskj. 8. Kristján lagði til að þingskjali nr. 9 verði vísað frá.

Ingibjörg B. Jóhannesdóttir kvaðst ánægð með tillöguna á þingskjali nr. 9 og sagðist styðja tillöguna.

Snorri Olsen lagði til að tillöggunni yrði vísað frá enda ekki á valdi UMSK að setja af stað nefnd sem hefði með málefni sveitarfélaga að gera.

Birgir Ari Hilmarsson kvað tillöguna vera fram komna vegna þess að aðildarfélögin vantaði sameiginlegan vettvang til aðræða hagsmunamál innan sveitarfélaga, eins og Kópavogsfélögin hefðu oft bent á í umræðunni um hugsanlega stofnun íþróttabandalags í Kópavogi. Birgir lagði til að tillöggunni yrði vísað til nefndar sem skipuð yrði samkvæmt þingskjali 8

Pórður Hjaltested sagði þurfa að slípa tillöguna til og gott væri að vísa henni til nefndar.

Samþykkt samhljóða að vísa tillöggunni til nefndar sem endurskoði skipulag sambandsins.

Eftir var að bera upp framlagða fjárhagsáætlun til atkvæða og var það nú gert og fjárhagsáætluning merkt sem þingskjal 12

Samþykkt samhljóða.

16. Nefndarstörf

17. Afgreiðsla á áliti nefnda

18. Önnur mál

Dagskrárlíðir nr. 16 og 17 félru niður vegna dagskrártillögu.

Valdimar L. Friðriksson tók fyrstur til máls undir þessum lið og kvartaði í máli sínu yfir því hvað íþróttahreyfingin hefur orðið útundan í opinberum styrkjum og bar hann fram tvær tillögur:

76. Ársþing UMSK... krefst þess að stjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands sæki enn fastar og með öllum tiltækum ráðum, 150 miljóna hækkun á árlegum fjárstyrk frá ríkisstjórninni. Styrk þennan mátti nota t.d. til að efla sérsambond ÍSÍ.



76. Ársþing UMSK... harmar að ríkisstjórn Íslands skuli ekki veita Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands meiri styrki en raun ber vitni.

Ingibjörg Jóhannesdóttir, kvað sér hljóðs um seinni tillöguna og benti á að um of há tölu væri að ræða, raunhæfara vari að setja tölu eins og 60 - 100 miljónir.

Valdimar L. Friðriksson svaraði Ingibjörgu og sagði 150 miljónir væri frekar of lág upphæð en hitt.

*Pingforseti bað þingheim um að merkja fyrri tillöguna nr. 9 og þá seinni sem þingskjal 10 og bar þær því næst upp til atkvæða.
Þær voru samþykktar samhljóða.*

Svanur Gestsson bað næstur um orðið og sagði að margir góðir menn væru að störfum fyrir hreyfinguna, alltaf væri gaman að fá að heiðra menn fyrir störf sín og svo væri einnig nú. Hann bað Bjarna Jónsson, UMFB og Snorra Magnússon, Gáska að koma upp og taka við Starfsmerki UMSK fyrir frábær störf fyrir sín félög.

Pórir Jónsson kom því næst upp og færði Svani þakkar fyrir góð störf í þágu ungmennafélagshreyfingarinnar. Hann óskaði viðtakandi stjórn velfarnaðar og þakkaði þingfulltrúum fyrir gott þing.

Hafsteinn Pálsson kvað sér hljóðs og færði Svani þakkar fyrir gott samstarf í gegnum árin. Hann vonaðist til að sambandið gæti notið krafta Svans áfram þó að hann leiddi ekki stjórn þess.

Ásgeir Friðgeirsson, formaður kjörnefndar bar nú upp tillögur nefndarinnar um kjör í stjórn. Engin mótframboð bárust og voru því eftirtaldir rétt kjörnir:

Formaður til eins árs:

Valdimar Leó Friðriksson Aftureldingu

Stjórnarmenn til tveggja ára:

Sævar Kristjánsson	Gusti
Einar Jóhannsson	Gróttu

Varastjórn til eins árs:

Jóna Þorvarðardóttir	Afturelding
Guðrún haraldsdóttir	Ými
Svanur M. Gestsson	Afturelding

19. Kosningar



Pví næst bar Ásgeir upp tillögu um skoðunarmenn reikninga og voru þeir einnig kjörnir án mótframboða:

Skoðunarmenn reikninga til eins árs:

Gunnar Páll Pálsson
Kristján Sveinbjörnsson

Til vara:

Hafsteinn Pálsson
Logi Kristjánsson

Nú bar Ásgeir upp tillögu um eftirtalda í dómstól UMSK til þriggja ára:

Aðalmaður:

Albert H.N. Valdimarsson, HK

Til vara:

Þorsteinn Einarsson, HK

Athugasemd kom úr sal varðandi uppruna dómara, þarna væru tveir HK menn auk þess sem einn núverandi aðalmann Magnús Harðarson væri úr knattspyrnudeild HK. Samkvæmt 12. gr. laga UMSK mega engir tveir aðal og/eða varamenn koma frá sama félagi.

Í framhaldinu kom fram ný tillaga um dómara:

Aðalmaður

Snorri Olsen, Stjórnunni

Til vara:

Einar Ragnarsson, Herði

Engin mótframboð komu við þá Snorra og Einar og skoðast þeir því rétt kjörnir í dómstól UMSK.

Að lokum bar Ásgeir upp tillögu um eftirtalda sem fulltrúa á Íþróttapring:

Lárus Blöndal, Stjórnunni
Snorri Olsen, Stjórnunni
Ásgeir Friðgeirsson, Breiðablik
Kristján Jónatansson, Breiðablik
Ester Jónsdóttir, Breiðablik
Þorsteinn Einarsson, HK
Óskar Elvar Óskarsson, HK
Kristján Erlendsson, Gerplu
Ingibjörg B. Jóhannesdóttir, UMFA
Helga Einarsdóttir, UMFA

Daníel Rúnar Ingólfsson, Gróttu
Hafsteinn Pálsson, Stjórn ÍSÍ
Guðmundur Hagalínsson, Gusti
Marteinn Magnússon, Herði
Pórhallur Biering, UMFB

Stjórnin skipar sjálf þrjá menn samkvæmt lögum ÍSÍ og stjórninni er veitt umboð til að skipa varamenn.

Samþykkt samhljóða.

20. Pingslit



Nýkjörinn formaður UMSK, Valdimar L. Friðriksson, þakkaði þingfulltrúum traustið sem honum var sýnt og þakkaði fulltrúum fyrir góða mætingu og fundarsetu. Að því búnu sagist hann þurfa að inna af hendi sitt fyrsta embættisverk og bað hann Svan Gestsson, fráfarandi formann UMSK um að koma upp og taka við Silfurmerki sambandsins fyrir frábær störf.

Að lokum þakkaði hann gestgjöfum fyrir aðstöðuna og sleit að því búnu þingi.

Anna Þóra Stefánsdóttir
Ester Jónsdóttir
þingritrar



Pinggerö 2000





Tillögur samþykktar á 76. ársþingi UMSK

Þingskjal nr. 1

76. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að kynna sér þau fjölmörgunámskeið sem í boði eru innan Íþróttahreyfingarinnar og hvetja sína félaga til að sækja námskeið eftir þörfum.

Þingskjal nr. 2

76. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu Íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánu samstarfi við aðildarfélögin.

Þingskjal nr. 3

76. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 50 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 20 á félagsmenn yngri en 16 ára.

Þingskjal nr. 4

76. Ársþing UMSK... hvetur sveitarstjórnir til þess að stórauka fjárfamlög til Íþróttafélaga.

Þingskjal nr. 5

76. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til þess að sýna ábyrgð í fjármálum og standa skil á opinberum gjöldum í samræmi við lög og reglur.

Þingskjal nr. 6

76. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til almennrar þátttöku í 4. Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið verður í Vesturbýggð 4. - 6. ágúst.

Þingskjal nr. 7

76. Ársþing UMSK... samþykkir að skipa nefnd sem vinni að gerð Íþróttanámskrár. Nefndin sjái til þess að aðlaga megi námskrána að sem flestum félögum.

Þingskjal nr. 8

76. Ársþing UMSK... felur stjórn að skipa nefnd um skipulagsmál. Nefndin skal endurskoða skipulag sambandsins og skila tillögum á næsta ársþing sambandsins.

Þingskjal nr. 10

76. Ársþing UMSK... krefst þess að stjórn Íþróttu- og Ólympíusambands Íslands sæki enn fastar og með öllum tiltækum ráðum, 150 miljóna hækkan á árlegum fjárvík frá ríkisstjórninni. Styrk þennan mátti nota t.d. til að efla sérsambönd ÍSÍ.

**Pingskjal nr. 11**

76. Ársþing UMSK... harmar að ríkisstjórn Íslands skuli ekki veita Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands meiri styrki en raun ber vitni.

Pingskjal nr. 12**Fjárhagsáætlun 2000****Rekstrartekjur:**

Útbreiðslustyrkur UMFÍ og ÍSÍ	1.500.000
Lottó UMFÍ og ÍSÍ	12.000.000
Skattar aðildarfélaga	700.000
Getraunir	800.000
Tjaldleiga	500.000
Alls	15.500.000

Rekstrargjöld:

Skrifstofa og rekstur	3.500.000
Ping og sérráð	400.000
Lottó til aðildarfélaga	9.000.000
Afreksmannasjóður	900.000
Skattur til UMFÍ	200.000
Gjafir og viðurkenningar	150.000
Kostn. v/ héraðsmóta	300.000
Kostn. v/ þátttöku í mónum	100.000
Afskriftir	150.000
Landsmót	600.000
Annar kostnaður	450.000
Alls	15.500.000

Tillaga sem vísað var til nefndar**Pingskjal nr. 9**

76. Ársþing UMSK... samþykkir að kjósa í Íþróttanefndir eftirtalinna sveitarfélaga.

Íþróttanefnd Kópavogs
Íþróttanefnd Garðabæjar
Íþróttanefnd Mosfellsbæjar
Íþróttanefnd Seltjarnarness

Nefndir þessar sjá um Íþróttaleg tengls innan bæjarfélags og marka stefnu Íþróttamála síns sveitarfélags, þær koma fram fyrir hond félaga í sínu bæjarfélagi gagnvart bæjarstjórum. Nefndirnar skulu vera þriggja til fimm manna.

Nefndirnar boði til samráðsfunda a.m.k. tvívar á ári þar sem tveir fulltrúar frá hverju félagi hafa seturétt, fundir þessir eru stefnumarkandi.

Skrifstofa UMSK annast daglega umsýslu fyrir nefndirnar.

Lög Ungmennasambands Kjalarneßings

1. gr. Heiti og sambandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarneßings, skammstafað UMSK. Sambandsvæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður.

2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

3. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrir en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

4. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar árhvert og til skiptishjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögur með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

5. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsiákvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

6. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörmir fulltrúar. Héraðsþing er lögmætt, ef löglega er til þess boðað.



7. gr. Réttur til þingsetu

Á heraðþingi hafa aðeins kjörmir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfræsi og tillögurétt:

- a. Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- b. Íþróttafulltrúi ríkisins.
- c. Skoðunarmenn reikninga
- d. Meðlimir fastanefnda.
- e. Starfsmenn sambandsins.
- f. Héraðsdómstóll.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á heraðþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

8. gr. Dagskrá heraðþings

Störf heraðþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á áliti nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar áliti.
 - a. Kosning formanns.
 - b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
 - c. Kosning þriggja manna í varastjórm.
 - d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
 - e. Kosning í heraðsdómstól.
 - f. Kosning til Íþróttapings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttaping er haldið.
20. Pingslit.

Eflægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á two eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabeytingar sé að ræða.

9. gr. Aukaþing

Aukaþing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er láttinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

10. gr. Stjórn

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um two árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og enn fremur two skoðunarmenn reikninga og two til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveða þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Skylt er stjórninni að halda fund með formönnum aðildarfélaga UMSK í september eða október ár hvert.

11. gr. Hlutverk stjórnar

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

12. gr. Héraðsdómstóll

Innan sambandsins starfar héraðsdómstóll, í honum eru 3 menn og 3 til vara, kosnir til þriggja ára. Árlega gengur einn aðalmaður og einn varamaður úr dómnum og kys ársþingið í þeirra stað. Þess skal jafnan gætt að kjósa í héraðsdómstól þá menn er hafa fjölhæfa þekkingu á íþróttamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs. Í dómnum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki sem aðal- né varamaður.

13. gr. Lagabreytingar

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

14. gr. Atkvæðamagn við lagabreytingar

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

15. gr. Gildistaka

Dagsetningar:

a) Samþykkt héraðsþings UMSK:

1998-02-07



Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK

1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

2. gr. Viðurkenningar

1. **Starfsmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
2. **Silfurmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
3. **Gullmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.
4. **Heiðursviðurkenning UMSK**, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélög verulega.
5. **Félagsmálaskjöldur UMSK**, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnú Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.
6. **Afreksbikar UMSK** skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
7. **UMFÍ-bikarinn** skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
8. **Frjálsíþróttabikar UMSK**, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.
9. **Sundbikar UMSK**, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.
10. **Fimleikabikar UMSK**, gefinn af Ingvari Árnasyni, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í fimleikum á liðnu ári

Reglugerð um sérnefndir UMSK

1. gr. Aðild

Sérnefnd er samstarfsnefnd þeirra sambandsaðila UMSK sem hafa iðkendur innan ákveðinnar íþróttagreinar.

2. gr. Stofnun

Sérnefnd skal því aðeins stofnuð að fleiri en einn sambandsaðili innan UMSK eigi iðkendur innan viðkomandi íþróttagreinar. Stofnun sérnefndar skal staðfest á ársþingi UMSK og skulu þær síðan skráðar í síðustu grein reglugerðarinnar.

3. gr. Skipun

Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. fulltrúi skipaður af stjórn félagsdeilda íþróttagreinarinnar þar sem um deildaskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórn sambandsaðilans.

4. gr. Verkaskipting

Sérnefndir skulu kjósa sér formann og ritara.

5. gr. Verkefni

Sérnefnd fjallar um sérfræðileg málefni sinnar íþróttagreinar. Hún er fulltrúi síns sérsambands innan UMSK og kemur fram á svíði íþróttagreinar sinnar gagnvart aðilum utan héraðs í samráði við stjórn UMSK. Um önnur mál er hún háð UMSK. Meðal verkefna hennar eru ákvarðanir um héraðsmót og skipulagningu þeirra.

Sérnefnd skal halda yfirlit um starf sitt og skal auk fundargerðar skila skýrslu til stjórnar UMSK í lok hvers árs.

6. gr. Fjármál

Sérnefndum er óheimilt að stofna til fjárvkuldbindinga í sínu nafni eða nafni UMSK.

7. gr. Yfirlit um sérnefndir

Eftirfarandi sérnefndir hafa verið stofnaðar innan UMSK:

- Blaknefnd UMSK
- Fimleikanefnd UMSK
- Frjálsíþróttanefnd UMSK
- Golfnefnd UMSK
- Handknattleiksnefnd UMSK
- Hestaíþróttanefnd UMSK
- Knattspyrnunefnd UMSK



Reglugerð um skólahlaup UMSK

Pátttokuréttur

Allir nemendur í grunnskólum á sambandssvæðinu sem eru í 4., 5., 6., 7., 8., 9. eða 10. bekk eiga keppnirrétt í Skólahlaupi UMSK. Hver skóli má senda ótakmarkaðan fjölda keppenda í hverjum aldursflokkum.

Keppt skal í bæði einstaklings- og sveitakeppni pilta og stúlkna. Fjórir skipa hverja sveit og er heimilt að senda fleiri en eina sveit. Ístigakeppni sveita teljasteinungis þeir skólar sem senda fullskipaða sveit og eru sex fyrstu frá viðkomandi skóla í sveit A, næstu sex í sveit B o.s.frv.

Hlaupið skal að jafnaði fara fram í september, október og haldið á viðurkenndum frjálsíþróttavelli.

Vegalengdir

4. bekkur 400 metrar
5. bekkur 400 metrar
6. bekkur 800 metrar
7. bekkur 800 metrar
8. bekkur 800 metrar
9. bekkur 1500 metrar
10. bekkur 1500 metrar

Stigagjöf

Veitt skulu stig eftir röð keppenda í mark, eins og tilkast í útreikningum við víðavangshlaup. P.e.a.s. að sá fyrsti fær eitt stig, annar tvö, þriðji þrjú o.s.frv. Einungis skulu veitt stig til þeirra sem eru með sveitir. Sú sveit sem hefur fæst stig telst sigurvegari.

Verðlaun

Veitt skulu einstaklingsverðlaun til þriggja fyrstu í hverjum árgangi, bæði pilta og stúlkna. Þá skulu veitt sérverðlaun fyrir sigur í sveitakeppni í hverjum árgangi, þ.e.a.s. samanlagður árangur pilta og stúlkna.

Þá skulu veitt sérverðlaun þeim skóla sem er með bestu páttökuna í skólahlaupinu í hlutfalli við nemendafjölda í þessum árgögum. Allir hljóta viðurkenningu fyrir páttökuna.

Stjórn UMSK eins og hún er nú skipuð

Formaður	Valdimar Friðriksson	UMFA	S. 557-3072
Varaformaður	Ester Jónsdóttir	Breiðablik	S. 554-4158
Ritari	Sævar Kristjánsson	Gustur	S. 564-4888
Gjaldkeri	Albert H.N. Valdimarsson	HK	S. 555-2832
Meðstjórnandi	Einar Ingvar Jóhannsson	Grótta	S. 561-1258

Til Vara:

Jóna Þorvarðardóttir	UMFA	S. 588-6607
Guðrún Haraldsdóttir	Ýmir	S. 587-3748
Svanur M. Gestsson	UMFA	S. 566-6944

